

LEIÐBEININGAR

við lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. 6. mgr. 13. gr. b þeirra.

1. Almenn.

Seðlabanki Íslands hefur sett leiðbeiningar þessar til skýringar á hvornig sýna skuli fram á að fjármagnshreyfingar séu vegna þeirra viðskipta sem talin eru upp í 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, eru fjármagnshreyfingar á milli landa heimilar ef sýnt er fram á að þær séu vegna:

1. Vöru- eða þjónustuviðskipta.
2. Launa sem erlendur aðili eða innlendir aðili búsettur erlendis, svo sem vegna starfs eða náms, hefur aflað héraðs síðastliðna sex mánuði. Launatengd gjöld, námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyrir og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur, teljast laun í skilningi þessa töluliðar.
3. Gjafa og styrkja til erlendra aðila, svo sem einstaklinga, góðgerðasamtaka eða hliðstæðra aðila, fyrir allt að 6.000.000 kr. á almanaksári. Fjármagnshreyfingar vegna gjafa og styrkja skulu lagðar inn á reikning í eigu móttakanda og skal gefandi eða styrkveitandi vera raunverulegur eigandi þeirra fjármuna sem um ræðir.
4. Vaxta, verðbóta, samningsbundinna afborgana og arðs skv. 13. gr. j.
5. Leigutekna af fasteignum sem erlendur aðili aflar héraðs.
6. Fyrirframgreiðslu og uppgreiðslu lána eða fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í erlendum gjaldeyri, inn- og útflutnings verðbréfa eða innleggs á og úttektar af reikningum hjá fjármálafyrirtæki, þ.m.t. með úttekt í reiðufé að samanlögðu jafnvirði allt að 100.000.000 kr. fyrir hvern aðila. Fjármagnshreyfingar eða reiðufjárúttektir á grundvelli ákvæðisins eru háðar eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Aðili sem nýtir heimildina sé raunverulegur eigandi fjármuna.
 - b. Einstaklingur sem nýtir heimildina hafi náð 18 ára aldri.
 - c. Eignastaða lögaðila sem nýtir heimildina hafi hinn 1. ágúst 2016 numið að minnsta kosti fjárhæð fyrirhugaðrar fjármagnshreyfingar eða reiðufjárúttektar.
 - d. Fjármálafyrirtæki sem framkvæmir fjármagnshreyfingu eða afgreiðir reiðufjárúttekt tilkynni hana til Seðlabanka Íslands, innan fimm virkra daga, þar sem tilefni hennar er tilgreint sérstaklega. Þó skulu tilkynningar vegna fyrirframgreiðslu og uppgreiðslu lána berast Seðlabankanum áður en greiðslurnar eru framkvæmdar.
7. Beinnar fjárfestingar innlands aðila. Fjármagnshreyfingar á grundvelli þessa töluliðar eru háðar því skilyrði að fjárfestir sé raunverulegur eigandi fjármunanna, að um sé að ræða kaup á 10% eignarhlut hlutafjár hið minnsta og að Seðlabankinn hafi staðfest að um beina fjárfestingu sé að ræða.
8. Innflutnings á erlendum gjaldeyri á innlánsreikning hjá innlendu fjármálafyrirtæki, þó ekki þegar greiðandi er innlendir aðili og viðtakandi erlendur aðili.
9. Framfærslu einstaklinga erlendis.
10. Greiðslu skatta og opinberra gjalda, málskostnaðar samkvæmt dómsorði, slysa- og skaðabóta til erlends aðila eða arfs sem erlendum aðila hefur hlotnast samkvæmt erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni.

11. Kaupa einstaklings á einni fasteign erlendis á almanaksári, að undangenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands. Einstaklingi er heimilt að greiða staðfestingargjald vegna fasteignaviðskipta sem nemur allt að 15% af kaupverði fasteignar án undangenginnar staðfestingar. Ef einstaklingur selur eða móttækur tjónabætur vegna fasteignar erlendis er honum heimilt að nýta söluandvirðið eða tjónabæturnar til endurfjárfestingar í annarri fasteign erlendis innan sex mánaða.
12. Annarra fjármagnshreyfinga sem eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. c laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, þegar sýnt er fram á að gjaldeyriskaupin séu vegna fjármagnshreyfinga á milli landa sem undanþegnar eru samkvæmt ákvæðum 1.–7. og 9.–11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. Gjalddeyriskaup vegna fjármagnshreyfinga á milli landa skv. 1., 3.–7. og 10.–11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b eru háð því skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila. Gjalddeyriskaup erlendra aðila á grundvelli 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 13. gr. j, háð því skilyrði að gjalddeyriskaupin séu vegna slíkra greiðslna frá innlendum aðila hér á landi.

2. Leiðbeiningar Seðlabanka Íslands um hvernig sýnt skal fram á að gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfingar á milli landa séu vegna þeirra viðskipta sem talin eru upp í 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Greiðslur vegna vöru- og þjónustuviðskipta skv. 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna vöru- og þjónustuviðskipta er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, afriti af útgefnum reikningi, staðfestri pöntun, samningi, kröfubréfi eða öðrum gögnum sem sýna fram á tilefni greiðslunnar.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna vöru- og þjónustuviðskipta eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 090-360.

Launagreiðslur skv. 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna launa sem erlendum aðili, eða innlendum aðili búsettur erlendis s.s. vegna starfs eða náms, hefur aflað hérlandis síðastliðna sex mánuði, er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, staðfestingu á launagreiðslum í skilningi ákvæðisins, t.d. með afriti af launaseðli, kvittun vegna útgreiðslu námslána, greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun og staðfestingu á búsetu erlendis, t.d. með staðfestingu þjóðskrár, leigusamningi, staðfestingu á skólavist o.s.frv.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna launagreiðslna eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 111 eða 421.

Gjafir og styrkir skv. 3. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutningi á erlendum gjaldeyri á milli landa vegna gjafar eða styrks er nægjanlegt að afhenda því fjármálafyrirtæki, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, upplýsingar um tilefni gjafar eða styrks og tengsl gefanda og gjafþega.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna gjafa og styrkja eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 407.

Vextir, verðbætur, samningsbundnar afborganir og arður skv. 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, sbr. 13. gr. j laga nr. 87/1992.

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna vaxta, verðbóta, samningsbundinna afborgana eða arðs er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, gögnum sem sýna fram á greiðsluskyldu viðkomandi, s.s. með afriti af lánssamningi eða greiðsluseðli. Um efni beiðni um staðfestingu eða tilkynningu fer eftir IV. kafla reglna nr. 862/2016 um gjaldeyrismál.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna launagreiðslna eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 500 – 699.

Leigutekjur skv. 5. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi vegna leigutekna sem aðili hefur aflað hér á landi er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, gögnum sem sýna að hann hafi mótttekið leigutekjur hér á landi, s.s. með því að framvísa undirrituðum leigusamningi.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna leigutekna eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 505.

Fyrirframgreiðslur eða uppgreiðslur skuldbindinga og fjárfestingar skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna fyrirfram- eða uppgreiðslu skuldbindinga eða fjárfestingar skv. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992 er nægjanlegt að framvísa við fjármálafyrirtæki, sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfinguna, gögnum sem sýna fram á skuldbindingu eða fjárfestingu með framlagningu gagna, svo sem með samningum þar um, eftir því sem við á.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna fyrirfram- eða uppgreiðslu skuldbindinga eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 609-620.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna erlendra fjárfestinga eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 500-580.

Bein fjárfesting skv. 7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna beinnar fjárfestingar ber að óska staðfestingar Seðlabanka Íslands áður en viðskiptin eru framkvæmd. Um efni og framkvæmd staðfestingar vegna beinnar fjárfestingar fer eftir 25. gr. reglna nr. 862/2016 um gjaldeyrismál.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna beinnar fjárfestingar eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 511 eða 620.

Framfærsla skv. 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Við kaup aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutningi á erlendum gjaldeyri á milli landa vegna framfærslu einstaklings erlendis er nægjanlegt að framvísa við fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og/eða fjármagnshreyfinguna, afritum af reikningum eða reikningsyfirlitum sem sýna fram á framfærslu í skilningi ákvæðisins. Heimilt er að líta til útgjalda einstaklings sem fallið hafa til á síðasta almanaksári.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna framfærslu einstaklinga erlendis eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 421-430.

Greiðsla skatta, opinberra gjalda og aðrar greiðslur skv. 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992.

Við kaup innlends aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna greiðslu skatta og opinberra gjalda til erlendra yfirvalda er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, staðfestingu á greiðsluskyldu hins innlenda aðila frá viðkomandi yfirvaldi, s.s. greiðslu- eða álagningarseðli.

Við kaup erlends aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna ofgreiðslu skatta og opinberra gjalda sem hann hefur fengið endurgreidda frá innlendum yfirvöldum er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, staðfestingu skattuyfirvalda á endurgreiðslu, s.s. greiðslu- eða álagningarseðli.

Við kaup erlends aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna málskostnaðar sem honum hefur verið greiddur samkvæmt dómsorði innlends dómstóls eða réttarsátt er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, afriti dóms eða réttarsáttar.

Við kaup innlends aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna málskostnaðar sem honum ber að greiða samkvæmt dómsorði erlends dómstóls eða réttarsátt er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, afriti dóms eða réttarsáttar.

Við kaup erlends aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna slysa- og skaðabóta sem hann hefur fengið greiddar frá innlendu váttryggingarfélagi eða samkvæmt dómsorði innlends dómstóls eða réttarsátt er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, afriti kvittunar frá váttryggingarfélagi, dóms eða réttarsáttar.

Við kaup innlends aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna slysa- og skaðabóta sem honum ber að greiða samkvæmt dómsorði erlends dómstóls eða réttarsátt er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, afriti dóms eða réttarsáttar.

Við kaup erlends aðila á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna arfs sem honum hefur hlotnast hér á landi er nægjanlegt að framvísa hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni.

Rafræn greiðslufyrirmæli fyrir skatta og opinber gjöld eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 401.

Rafræn greiðslufyrirmæli fyrir slysa- og skaðabætur eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlyklum skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 265 eða 401.

Rafræn greiðslufyrirmæli fyrir málskostnað eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 350.

Rafræn greiðslufyrirmæli fyrir arf eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 407.

Fasteignakaup skv. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b, laga nr. 87/1992.

Við kaup einstaklinga á erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi og/eða flutning erlends gjaldeyris á milli landa vegna fasteignakaupa erlendis ber að framvísa hjá

fjármálafyrirtæki hér á landi, sem fer með milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og/eða fjármagnshreyfinguna, undirrituðum kaupsamningi eða samningi um kaup á búseturétti. Fasteignakaup erlendis eru háð staðfestingu Seðlabanka Íslands. Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands vegna fasteignaviðskipta, skv. 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. b laga laga nr. 87/1992, skal send af hálfu þess innlenda fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um gjaldeyrisviðskiptin og fjármagnshreyfinguna. Ef fasteignaviðskipti eiga sér stað án aðkomu innlends fjármálafyrirtækis skal kaupandi fasteignar óska sjálfur eftir staðfestingu Seðlabanka Íslands. Um efni beiðni um staðfestingu fer eftir 26. gr. reglna nr. 862/2016 um gjaldeyrismál.

Rafræn greiðslufyrirmæli vegna fasteignakaupa erlendis eru auðkennd með viðeigandi flokkunarlykli skv. GV-flokkunarlyklakerfi Seðlabankans, 501.